



# BREIÐAFJARÐARNEFND

---

*Framkvæmdaáætlun Breiðafjarðarnefndar 2022-2025*

---

vegna laga um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995



Áætlunin var tekin saman af Jakobi Stakowski, starfmanni Breiðafjarðarnefndar, í lok árs 2023. Áætlunin tekur tillit til þeirra verkefna sem samþykkt voru í Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019, sem undirrituð var af umhverfis- og auðlindaráðherra árið 2015. Framkvæmdaáætlunin var samþykkt af Breiðafjarðarnefnd 5. Febrúar 2024.

Ljósmynd á forsíðu: Hvammsfjörður séður frá Fellsströnd (Wikimedia Commons)

## Efnisyfirlit

|   |        |
|---|--------|
| Inngangur .....   | - 2 -  |
| Forsendur verkefnavals á framkvæmdaáætlun.....              | - 3 -  |
| Yfirstandandi verkefni .....                                | - 3 -  |
| Verkefni úr Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019.....  | - 3 -  |
| Framtíðarsýn núverandi nefndar.....                         | - 4 -  |
| Reglubundin verkefni sem tengjast rekstri nefndarinnar..... | - 4 -  |
| Verkefni framkvæmdaáætlunar .....                           | - 4 -  |
| Framkvæmdaáætlun 2022 .....                                 | - 5 -  |
| Framkvæmdaáætlun 2023 .....                                 | - 7 -  |
| Framkvæmdaáætlun 2024 .....                                 | - 9 -  |
| Framkvæmdaáætlun 2025 .....                                 | - 9 -  |
| Lokaorð .....   | - 10 - |

---

## Framkvæmdaáætlun Breiðafjarðarnefndar 2022-2025

---

### Inngangur

Breiðafjörður nýtur verndar samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar en tilgangur þeirra er að stuðla að vernd Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja<sup>1</sup>.

Breiðafjarðarnefnd er umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd laganna. Í nefndinni eiga sæti sjö fulltrúar sem tilnefndir eru til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar formann og varaformann án tilnefningar, fjórir eru tilnefndir af sveitarfélögum við fjörðinn og tveir af fagstofnunum. Þann 4. ágúst 2021 var núverandi nefnd um vernd Breiðafjarðar skipuð til fjögurra ára.

Samkvæmt lögum um vernd Breiðafjarðar skal Breiðafjarðarnefnd í samvinnu við sveitarfélögin láta gera verndaráætlun fyrir Breiðafjörð og senda ráðherra til staðfestingar. Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019 var samþykkt af ráðherra 2014. Í henni er að finna tillögur að fjölda verkefna sem miða að því að tryggja verndun svæðisins og ná markmiðum laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Framkvæmd þessara verkefna hefur aftur á móti gengið hægt, m.a. vegna takmarkaðra fjárveitinga.

Breiðafjarðarnefnd markaði sér framtíðarsýn sem hún mun hafa að leiðarljósi á starfstíma sínum til ársins 2025. Með þá framtíðarsýn í huga ásamt þeim forgangsatríðum sem sett eru fram í Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019 hefur nefndin útbúið framkvæmdaáætlun fyrir tímabilið 2022-2025. Í henni er verkefnum raðað í forgangsröð eftir mikilvægi, þau tímasett og ábyrgðaraðili tilgreindur.

Áætlun Breiðafjarðarnefndar byggir á því að fjárveitingar til nefndarinnar verði svipaðar og verið hefur síðastliðin ár.

Tilgangur áætlunarinnar er að auðvelda yfirsýn yfir þau verkefni sem sett eru fram í verndaráætlun og að reyna að hámarka afköst nefndarinnar miðað við óbreyttar fjárveitingar.

Hér á eftir verður gróflega gerð grein fyrir forsendum vals verkefna á framkvæmdaáætlun Breiðafjarðarnefndar 2022-2025. Framkvæmdaáætlun fylgir svo fyrir neðan.

---

<sup>1</sup> Lög 54/1995 um vernd Breiðafjarðar, 1. grein. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1995054.html>

## Forsendur verkefnavals á framkvæmdaáætlun

Framkvæmdaáætlun er mikilvægt tæki til þess að framfylgja og styrkja vernd Breiðafjarðar en þar má á einum stað finna flest helstu verkefni sem unnið er að, hver ber ábyrgð á framkvæmd þeirra, og hvenær áætlað er að ljúka þeim. Þeim forsendum sem áætlunin er unnin út frá má skipta í fjóra flokka:

1. Yfirstandandi verkefni
2. Verkefni úr Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019
3. Verkefni sem styðja við framtíðarsýn sitjandi nefndar
4. Reglubundin verkefni sem tengjast rekstri nefndarinnar

Hér að neðan verður gróflega gerð grein fyrir hverjum þessara flokka.

### Yfirstandandi verkefni

Nokkur verkefni Breiðafjarðarnefndar hafa verið lengur í ferli en starfstími núverandi nefndar. Núverandi Breiðafjarðarnefnd var skipuð 2021. Nefndin heldur áfram að vinna að nokkrum eldri verkefnum. Stærsta verkefni sem nefndin hefur unnið að til lengri tíma hefur verið kallað „framtíð Breiðafjarðar“ og fjallar um stefnumörkun um fyrirkomulag verndar og annarrar landnotkunar á verndarsvæðinu til framtíðar. Verkefnið hefur verið í ferli síðan 2017 og leiddi til stofnunar stýrihóps um forsendagreiningu fyrir vernd Breiðafjarðar og byggðaþróun árið 2022. Hann er enn að störfum.

### Verkefni úr Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019

Samkvæmt lögum um vernd Breiðafjarðar skal Breiðafjarðarnefnd í samvinnu við sveitarfélögin láta gera verndaráætlun fyrir Breiðafjörð og senda ráðherra til staðfestingar. Markmið áætlunarinnar er að tryggja vernd náttúru- og menningarminja svæðisins. Áætlunin er stefnumörkun sem lýsir stuttlega verndargildi svæðisins í heild og einstökum hlutum þess og markar stefnu um útfærslu stjórnunar og umsýslu vegna m.a. verndar, skipulags og framkvæmda á svæðinu. Verndaráætlunin er einnig uppspretta hugmynda að rannsóknarverkefnum á sviði náttúruvísinda og menningar.

Í Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019 eru taldar upp ýmsar leiðir til þess að styrkja vernd svæðisins<sup>2</sup>.

1. Stækkun og nánari skilgreining verndarsvæðisins
2. Heildstætt skipulag
3. Átak í rannsóknum á lífríki Breiðafjarðar
4. Átak í rannsóknum á menningarminjum
5. Tilnefning Breiðafjarðar á heimsminjaskrá UNESCO og Ramsarskrá
6. Efling umhverfisvitundar með fræðslu
7. Verndun og áhrif ferðaþjónustu

Breiðafjarðarnefnd hefur unnið með þessi verkefni að leiðarljósi síðan verndaráætlun var samþykkt 2014. Framkvæmdaáætlun nefndarinnar 2022-2025 tekur mið af verkefnum í framkvæmdaáætlun verndaráætlunar 2014-2019 og vinnur áfram að markmiðum hennar.

---

<sup>2</sup> Breiðafjarðarnefnd. (2014). *Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð. 1. viðauki: Verkefnaáætlun*. Stykkishólmur: Breiðafjarðarnefnd, bls. 78.

Breiðafjarðarnefnd hefur unnið að uppfærslu verndaráætlunar síðan 2021 og er gert ráð fyrir að klára hana á starftíma.

### Framtíðarsýn núverandi nefndar

Breiðafjarðarnefnd var skipuð í september 2021. Framtíðarsýn sitjandi nefndar hefur skapast í gegnum umræður á fundum og verkefni sem nefndin hefur staðið fyrir frá 2021. Framtíðarsýn Breiðafjarðarnefndar var formlega skráð 2023 og endurspeglar markmið verndaráætlunar 2014-2019, sbr. kafla 8. Framtíðarsýn Breiðafjarðarnefndar endurspeglast m.a. í eftirfarandi verkefnum verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð 2014-2019:

1. Rannsóknir og vöktun á náttúruminum<sup>3</sup>
  - a. Kaflar 8.1 og 8.2 í verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019 kveða á um átak í rannsóknum og vöktun náttúruminja Breiðafjarðar og er grunnur að þessum köflum kominn úr 7. grein laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar þar sem rannsóknarstarf á Breiðafjarðarsvæði er tekið fyrir. Breiðafjarðarnefnd leggur í sinni framtíðarsýn áherslu á framfylgni þess átaks og mun láta framkvæma rannsóknir á lífríki Breiðafjarðar. Rekstrarfé nefndarinnar dugar þó ekki til að þessi málaflokkur komist í ásættanlegt ástand og er því mikilvægt að nefndin hvetji opinbera aðila til að stuðla einnig að þessu markmiði. Nefndin mun auk þess vinna að uppfylla allar klausur 7. grein laga um vernd Breiðafjarðar til að efla rannsóknarstarfsemi á Breiðafjarðarsvæði.
2. Átak í rannsóknum og vöktun á menningarminjum<sup>4</sup>
  - a. Kaflar 8.1 og 8.3 í verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019 kveða á um að stuðla frekar að rannsóknum og vöktun menningarminja Breiðafjarðar. Breiðafjarðarnefnd leggur í sinni framtíðarsýn áherslu á að styðja rannsóknarvinnu á menningararfi svæðisins, sem felst m.a. í söfnun og skráningu á örnefnum.

Í samræmi við áherslur verndaráætlunar og niðurstöður sérfræðingafundar<sup>5</sup> vill nefndin stórauka vísindalega þekkingu á undirstöðum lífríkis Breiðafjarðar og menningarsögu svæðisins.

### Reglubundin verkefni sem tengjast rekstri nefndarinnar.

Breiðafjarðarnefnd fundar reglulega og afgreiðir reglubundin verkefni og erindi sem berast hverju sinni.

### Verkefni framkvæmdaáætlunar

Hér á eftir er fjallað um verkefni árána 2022-2025 en þeim hefur verið raðað upp og þau útfærð í samræmi við Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019 og framtíðarsýn sitjandi nefndar.

<sup>3</sup> Breiðafjarðarnefnd. (2014). *Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð*. Stykkishólur: Breiðafjarðarnefnd, bls. 63-64.

<sup>4</sup> Ibid. bls. 63 og 65.

<sup>5</sup> Breiðafjarðarnefnd. (2007). *Rannsóknir og vöktun á náttúru Breiðafjarðar Niðurstöður sérfræðingafundar í Stykkishólmi, 12.-13. september 2007*. <https://nsv.is/wp-content/uploads/2021/03/Rannsóknir-og-vöktun-á-náttúru-Breiðafjarðar-Niðurstöður-sérfræðingafundar-í-Stykkishólmi.pdf>

Verkefni áráanna 2022 og 2023 eru sýndar í töflu og útfærð nánar í texta. Verkefni áráanna 2024 og 2025 eru aðeins sýndar í töflu þar sem eftir á að útfæra þau nánar.

## Framkvæmdaáætlun 2022

| Framkvæmdaáætlun ársins 2022 |  |            |   |                       |           |  |
|------------------------------|--|------------|---|-----------------------|-----------|--|
| i.d.                         | Verkefni   | Tímarammi  | Ábyrgðaraðili                                     | Forsenda              | Staða     |  |
| 2022.1                       | Starfsskýrsla 2021   | Jan-mars   | Breiðafjarðarnefnd                                | Rekstur               | Lokið     |  |
| 2022.2                       | Fjárhagsáætlun 2022  | Jan-mars   | Breiðafjarðarnefnd                                | Rekstur               | Lokið     |  |
| 2022.3                       | Uppfærsla heimasíðu  | Jan-des    | Breiðafjarðarnefnd                                | Rekstur               | Lokið     |  |
| 2022.4                       | Fræðsla og kynning á verndarsvæði Breiðafjarðar                            | Jan-des    | Breiðafjarðarnefnd                                | Fræðsla               | lokið     |  |
| 2022.5                       | Endurskoðun verndaráætlunar  | Jan-des    | Náttúrustofa Vesturlands, Náttúrustofa Vestfjarða | Rekstur, stefnumörkun | í vinnslu |  |
| 2022.6                       | Örnefnaskráningar - Verkhloti 2021-2022                                    | Jan-des    | Náttúrufræðistofnun Íslands                       | Rannsóknir            | Lokið     |  |
| 2022.7                       | Stýrihópur um forsendugreiningu fyrir verndun Breiðafjarðar og byggðapróun | Mars-des   | Breiðafjarðarnefnd                                | Samstarf              | í vinnslu |  |
| 2022.8                       | Bæklingar um Breiðafjörð - Prentun og dreifing                             | Mai- sept  | Breiðafjarðarnefnd                                | Fræðsla               | Lokið     |  |
| 2022.9                       | Vettvangsferð  | Ágúst-sept | Breiðafjarðarnefnd                                | Rekstur               | Lokið     |  |
| 2022.10                      | Gróðurannsókn í eyjum Breiðafjarðar - Undirbúningur                        | Apríl-des  | Breiðafjarðarnefnd, Náttúrustofa Vestfjarða       | Rannsóknir            | Lokið     |  |

### 2022.1 Starfsskýrsla 2021

Samkvæmt lögum um vernd Breiðafjarðar ber Breiðafjarðarnefnd að gefa ráðherra árlega skýrslu um störf sín. Starfsskýrslan var afhent umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra sumarið 2022 og síðar gerð aðgengileg á heimasíðu nefndarinnar.

### 2022.2 Fjárhagsáætlun 2022

Fjárhagsáætlun Breiðafjarðarnefndar er unnin út frá framkvæmdaáætlun nefndarinnar. Á fyrsta fundi nefndarinnar árið 2022 voru lögð drög að fjárhagsáætlun og áætlun samþykkt í mars 2022.

### 2022.3 Uppfærsla heimasíðu

Heimasíða Breiðafjarðarnefndar geymir allar helstu upplýsingar um starfsemi nefndarinnar. Uppfærsla heimasíðunnar er á meðal verkefna sem Breiðafjarðarnefnd sinnir yfir allt almanaksárið.

### 2022.4 Fræðsla og kynning á verndarsvæði Breiðafjarðar

Breiðafjarðarnefnd tekur þátt í fræðslu um Breiðafjörð. Árið 2022 kynnti Breiðafjarðarnefnd verndarsvæði Breiðafjarðar og starfsemi sína fyrir nokkrum nemandahópum, bæði á Vesturlandi og á Vestfjörðum.

### 2022.5 Endurskoðun verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð

Samkvæmt lögum um vernd Breiðafjarðar skal Breiðafjarðarnefnd í samráði við sveitarfélög láta gera verndaráætlun þar sem fram kemur hvernig ná skuli markmiðum sem sett eru með vernd svæðisins. Áætlunina skal senda ráðherra til staðfestingar. Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019 er orðin 10 ára gömul og vinna náttúrustofur á Vesturlandi og Vestfjörðum að endurskoðun áætlunar síðan 2021.

### 2022.6 Örnefnaskráningar -Verkhloti 2021-2022

Breiðafjarðarnefnd styrkti örnefnaskráningar á Breiðafirði árið 2022. Tilgangur með örnefnaskráningum er að varðveita örnefni Breiðafjarðarsvæðisins en hætta er á að þau falli í gleymsku vegna breyttrar búsetu og nýtingar svæðis. Verkefnið hefur verið í ferli í nokkur ár og voru niðurstöður verkefnis gerðar aðgengilegar í gegnum gagnagrunn Landmælinga Íslands í lok árs 2022. Verkefnið var unnið af Þorvaldi Þór Björnssyni hjá Náttúrustofnun Íslands.

#### *2022.7 Stýrihópur um forsendugreiningu fyrir verndun Breiðafjarðar og byggðaþróun*

Formaður Breiðafjarðarnefndar er fulltrúi í stýrihópi um forsendugreiningu fyrir verndun Breiðafjarðar og byggðaþróun. Auk þess vinnur starfsmaður Breiðafjarðarnefndar fyrir stýrihópinn. Stýrihópurinn vinnur að framtíðarhugmyndum um verndun Breiðafjarðar og byggðaþróun og átti samkvæmt samningi að skila af sér niðurstöðum árið 2023.

#### *2022.8 Bæklingar um Breiðafjörð*

Breiðafjarðarnefnd hefur gefið út fjóra mismunandi bæklinga um Breiðafjörð, bæði á íslensku og ensku. Nefndin endurprentaði nokkra bæklinga á árinu og dreifði um verndarsvæðið yfir sumarið.

#### *2022.9 Vettvangsferð*

Breiðafjarðarnefnd hefur reglulega farið í svokallaðar vettvangsferðir um verndarsvæðið til þess að kynna sér það sem að lýtur að starfsemi nefndarinnar. Á ferðum sínum hefur nefndin fengið fræðslu frá staðkunnugum og sérfræðingum um svæðið auk þess sem hún hefur nýtt þessar ferðir í að funda með fólki við verndarsvæðið. Nefndin ferðaðist um Reykhólahrepp og Dalabyggð árið 2022. Hægt er að lesa um vettvangsferðina 2022 á heimsíðu Breiðafjarðarnefndar [hér](#).

#### *2022.10 Gróðurannsókn í eyjum Breiðafjarðar – Undirbúningur*

Á árinu samþykkti Breiðafjarðarnefnd að gera samning við Náttúrustofnu Vestfjarða um að hefja gróðurannsókn í Akureyjum og Hróteyjum á norðaustanverðum Breiðafirði. Vettvangsvinna fór fram árið 2023 og verða niðurstöður aðgengilegar í byrjun árs 2024.

## Framkvæmdaáætlun 2023

| i.d.    | Verkefni  | Tímarammi  | Ábyrgðaraðili  | Forsenda                 | Staða     |
|---------|---|------------|--|--------------------------|-----------|
| 2023.1  | Starfsskýrsla 2022  | Jan-mars   | Breiðafjarðarnefnd                                   | Rekstur                  | Lokið     |
| 2023.2  | Fjárhagsáætlun 2023   | Jan-mars   | Breiðafjarðarnefnd                                   | Rekstur                  | Lokið     |
| 2023.3  | Uppfærsla heimasíðu   | Jan-des    | Breiðafjarðarnefnd                                   | Rekstur                  | Lokið     |
| 2023.4  | Endurskoðun verndaráætlunar   | Jan-des    | Náttúrustofa Vesturlands,<br>Náttúrustofa Vestfjarða | Rekstur,<br>stefnumörkun | í vinnslu |
| 2023.5  | Stýrihópur um forsendugreiningu fyrir vernd Breiðafjarðar og byggðaðþróun               | Jan-des    | Breiðafjarðarnefnd                                   | Samstarf                 | í vinnslu |
| 2023.6  | Fræðsla og kynning á verndarsvæði Breiðafjarðar   | Jan-des    | Breiðafjarðarnefnd                                   | Fræðsla                  | í vinnslu |
| 2023.7  | Örnefnaskráningar - Verkluti 2022-2023  | Feb-des    | Náttúrufræðistofnun Íslands                          | Rannsóknir               | í vinnslu |
| 2023.8  | Samráð við Reykhólahrepp og Framfarafélag Flateyjar vegna skipaheimsóknar AECO í Flatey | Feb-des    | Breiðafjarðarnefnd                                   | Samstarf                 | í vinnslu |
| 2023.9  | Rannsókn um ágengar og framandi tegundir í höfnum við Breiðafjörð 2023-2025             | Mars-des   | Breiðafjarðarnefnd,<br>Náttúrustofa Suðvesturlands   | Rannsóknir               | í vinnslu |
| 2023.10 | Bæklingar um Breiðafjörð - Prentun og dreifing  | Maí-sept   | Breiðafjarðarnefnd                                   | Fræðsla                  | Lokið     |
| 2023.11 | Vettvangsferð   | Ágúst-sept | Breiðafjarðarnefnd                                   | Rekstur                  | Lokið     |
| 2023.12 | Gróðurannsókn í eyjum Breiðafjarðar   | Ágúst-des  | Breiðafjarðarnefnd,<br>Náttúrustofa Vestfjarða       | Rannsóknir               | í vinnslu |
| 2023.13 | Endurheimt Hraunsfjarðar  | Sept-des   | Breiðafjarðarnefnd                                   | Rannsóknir               | í vinnslu |
| 2023.14 | Framkvæmdaáætlun Breiðafjarðarnefndar 2022-2025   | Okt-des    | Breiðafjarðarnefnd                                   | Rannsóknir               | í vinnslu |

### 2023.1 Starfsskýrsla

Samkvæmt lögum um vernd Breiðafjarðar ber Breiðafjarðarnefnd að gefa ráðherra árlega skýrslu um störf sín. Í maí 2023 var lokið við starfsskýrslu en í nóvember 2023 hefur ekki gefist tækifæri til að afhenda ráðherra skýrsluna. Stefnt er að afhendingu hennar fyrir árslok 2023.

### 2023.2 Fjárhagsáætlun 2023

Fjárhagsáætlun Breiðafjarðarnefndar er unnin út frá framkvæmdaáætlun nefndarinnar. Á fyrsta fundi nefndarinnar árið 2023 voru lögð drög að fjárhagsáætlun og hún samþykkt með breytingum í maí 2023.

### 2023.3 Uppfærsla heimasíðu

Heimasíða Breiðafjarðarnefndar geymir allar helstu upplýsingar um starfsemi nefndarinnar. Uppfærsla heimasíðunnar er á meðal verkefna sem Breiðafjarðarnefnd sinnir yfir allt almanaksárið.

### 2023.4 Endurskoðun verndaráætlunar

Endurskoðun verndaráætlunar fyrir Breiðafjörð hefur verið í ferli síðan 2021. Náttúrustofur á Vesturlandi og Vestfjörðum vinna verkefnið fyrir Breiðafjarðarnefnd.

### 2023.5 Stýrihópur um forsendugreiningu fyrir verndun Breiðafjarðar og byggðaðþróun

Formaður Breiðafjarðarnefndar er fulltrúi í stýrihópi um forsendugreiningu fyrir verndun Breiðafjarðar og byggðaðþróun. Auk þess vinnur starfsmaður Breiðafjarðarnefndar fyrir stýrihópinn. Stýrihópurinn vinnur að framtíðarhugmyndum um verndun Breiðafjarðar og byggðaðþróun. Hann ætlaði að skila af sér lokaniðurstöðum til ráðherra í júní 2023 en ekki náðist að klára verkefnið þá. Þegar þetta er ritað (nóv. 2023) er ekki enn ljóst hvenær vinnu stýrihópsins lýkur.

#### *2023.6 Fræðsla og kynning á verndarsvæði Breiðafjarðar*

Breiðafjarðarnefnd tekur þátt í fræðslu um Breiðafjörð. Breiðafjarðarnefnd kynnti verndarsvæði og sína starfsemi fyrir þrem nemandahópum, miðað við október 2023.

#### *2023.7 Örnefnaskráningar - Verkhloti 2022-2023*

Breiðafjarðarnefnd styrkti framhald örnefnaskráninga á Breiðafirði árið 2022 til tveggja ára. Verkefnið er framhald á verkhluta verkefnis sem hægt er að sjá í framkvæmdaáætlun 2022 undir lið 2022.6. Tilgangur með örnefnaskráningum er að varðveita örnefni Breiðafjarðarsvæðisins, sem hætt er við að gleymist vegna breyttrar búsetu og nýtingar svæðisins. Náttúrufræðistofnun Íslands mun kynna fyrir Breiðafjarðarnefnd niðurstöður verkefnahluta samkvæmt samningi í lok árs 2023.

#### *2023.8 Samráð við Reykhólahrepp og Framfarafélag Flateyar vegna skipaheimsókna AECO í Flatey*

Í febrúar 2023 sendi Umhverfisstofnun Breiðafjarðarnefnd erindi AECO um heimsóknir leiðangursskipa í Flatey í tengslum við vinnu Umhverfisstofnunar á stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið í Flatey. Breiðafjarðarnefnd leitaði samráðs við sveitarfélagið Reykhólahrepp og Framfarafélag Flateyar vorið 2023 og ræddi skipakomur í Flatey. Á fundinum var ákveðið að Breiðafjarðarnefnd kalli til fundar haustið 2023 til að halda á lofti umræðu um skipakomur á verndarsvæði Breiðafjarðar.

#### *2023.9 Rannsókn um framandi tegundum í höfnum við Breiðafjörð 2023-2025*

Breiðafjarðarnefnd hóf samstarf við Náttúrustofu Suðvesturlands árið 2023 um rannsókn á útbreiðslu framandi tegunda í sjó í Breiðafirði. Náttúrustofa Suðvesturlands, sem býr yfir sérþekkingu á framandi tegundum í sjó við Ísland, gerði áætlun um rannsókn á framandi tegundum í höfnum við Breiðafjörð. Breiðafjarðarnefnd samþykkti tillöguna á sínum fundi í maí 2023, sem felur í sér að náttúrustofan vinnur verkefnið til ársins 2025 og verða niðurstöður þá gerðar aðgengilegar almenningi.

#### *2023.10 Bæklingar um Breiðafjörð – Prentun og dreifing*

Breiðafjarðarnefnd gefur út fjóra mismunandi bæklinga um Breiðafjörð, bæði á íslensku og ensku. Nefndin sá um dreifingu bæklinga um verndarsvæðið frá maí-ágúst 2023.

#### *2023.11 Vettvangsferð*

Breiðafjarðarnefnd hefur reglulega farið í svokallaðar vettvangsferðir um verndarsvæðið til þess að kynna sér það sem að lýtur að starfsemi nefndarinnar. Á ferðum sínum hefur nefndin fengið fræðslu frá staðkunnugum og sérfræðingum um svæðið auk þess sem hún hefur nýtt þessar ferðir í að funda með sveitarstjórnnum þeirra sveitarfélaga sem tilheyra verndarsvæðinu. Nefndin ferðaðist um norðanvert Snæfellsnes árið 2022 og kannaði nokkur svæði sem tengdust málum á borði nefndarinnar.

#### *2023.12 Gróðurannsókn í eyjum Breiðafjarðar*

Árið 2022 samþykkti Breiðafjarðarnefnd að hefja rannsóknir á gróðurfari í Akureyjum og Hróteyjum á norðaustanverðum Breiðafirði. Vettvangsvinna fór fram sumarið 2023 og verður í framhaldinu unnið úr gögnum. Niðurstöður munu liggja fyrir við ársbyrjun 2024.

### 2023.13 Endurheimt Hraunsfjarðar

Breiðafjarðarnefnd samþykkti að skoða mögulega endurheimt Hraunsfjarðar. Hún mun vinna greinargerð þar sem hugmyndir hennar um mögulega endurheimt verða teknar saman og málinu vísað áfram til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

### 2023.14 Framkvæmdaáætlun Breiðafjarðarnefndar 2022-2025

Breiðafjarðarnefnd vinnur að gerð framkvæmdaáætlunar 2022-2025. Framkvæmdaáætlun lýsir helstu verkefnum sem nefndin hefur unnið síðan hún var skipuð árið 2021 og mun vinna að á næstkomandi ár. Áætlunin verður endurskoðuð árlega.

## Framkvæmdaáætlun 2024

| Framkvæmdaáætlun ársins 2024 |   |           |   |                       |           |
|------------------------------|---|-----------|---|-----------------------|-----------|
| i.d.                         | Verkefni  | Tímarammi | Ábyrgðaraðili                                   | Forsenda              | Staða     |
| 2024.1                       | Starfsskýrsla 2023  | Jan-mars  | Breiðafjarðarnefnd                              | Rekstur               | í vinnslu |
| 2024.2                       | Fjárhagsáætlun 2024   | Jan-mars  | Breiðafjarðarnefnd                              | Rekstur               | í vinnslu |
| 2024.3                       | Framkvæmdaáætlun Breiðafjarðarnefndar 2022-205 - Endurskoðun                | Jan-mars  | Breiðafjarðarnefnd                              | Rekstur, stefnumörkun | í vinnslu |
| 2024.4                       | Stýrihópur um forsendugreiningu fyrir vernd Breiðafjarðar                   | Jan-      | Breiðafjarðarnefnd                              | Samstarf              | í vinnslu |
| 2024.5                       | Uppfærsla heimasíðu   | Jan-des   | Breiðafjarðarnefnd                              | Rekstur               | í vinnslu |
| 2024.6                       | Endurskoðun verndaráætlunar   | Jan-des   | Náttúrustofa Vesturlands,                       | Rekstur               | í vinnslu |
| 2024.7                       | Fræðsla og kynning á verndarsvæði Breiðafjarðar                             | Jan-des   | Breiðafjarðarnefnd                              | Fræðsla               | í vinnslu |
| 2024.12                      | Endurheimt Hraunsfjarðar  | Jan-des   | Breiðafjarðarnefnd                              | Rannsóknir            | í vinnslu |
| 2024.8                       | Gróðurannsókn í eyjum Breiðafjarðar - Eftirfylgni                           | Mars-júní | Breiðafjarðarnefnd                              | Rannsóknir            |           |
| 2024.9                       | Örnefnaskráningar - Verkhloti 2022-2023 - Eftirfylgni                       | Mars-júní | Náttúrufræðistofnun Ísland                      | Rannsóknir            |           |
| 2024.10                      | Rannsókn um ágengar og framandi tegundir í höfnum við Breiðafjörð 2023-2025 | Mars-des  | Breiðafjarðarnefnd, Náttúrustofa Suðvesturlands | Rannsóknir            |           |
| 2024.11                      | Náttúrurannsóknastöð - Undirbúningur I                                      | Mars-des  | Breiðafjarðarnefnd                              | Rekstur, stefnumörkun |           |
| 2024.13                      | Vettvangsferð   | sumar     | Breiðafjarðarnefnd                              | Rekstur               |           |

## Framkvæmdaáætlun 2025

| Framkvæmdaáætlun ársins 2025 |   |            |   |                       |       |
|------------------------------|---|------------|---|-----------------------|-------|
| i.d.                         | Verkefni  | Tímarammi  | Ábyrgðaraðili                                   | Forsenda              | Staða |
| 2025.1                       | Starfsskýrsla 2023  | Jan-mars   | Breiðafjarðarnefnd                              | Rekstur               |       |
| 2025.2                       | Fjárhagsáætlun 2024   | Jan-mars   | Breiðafjarðarnefnd                              | Rekstur               |       |
| 2025.3                       | Framkvæmdaáætlun Breiðafjarðarnefndar 2022-205 - Endurskoðun                              | Jan-mars   | Breiðafjarðarnefnd                              | Rekstur, stefnumörkun |       |
| 2025.4                       | Uppfærsla heimasíðu   | Jan-des    | Breiðafjarðarnefnd                              | Rekstur               |       |
| 2025.5                       | Fræðsla og kynning á verndarsvæði Breiðafjarðar   | Jan-des    | Breiðafjarðarnefnd                              | Fræðsla               |       |
| 2025.6                       | Náttúrurannsóknastöð - Undirbúningur II   | Jan-des    | Breiðafjarðarnefnd                              | Rekstur, stefnumörkun |       |
| 2025.7                       | Endurheimt Hraunsfjarðar - Eftirfylgni  | Jan-júní   | Breiðafjarðarnefnd                              | Rannsóknir            |       |
| 2025.8                       | Rannsókn um ágengar og framandi tegundir í höfnum við Breiðafjörð 2023-2025 - Eftirfylgni | Mars-júní  | Breiðafjarðarnefnd, Náttúrustofa Suðvesturlands | Rannsóknir            |       |
| 2025.9                       | Stýrihópur um forsendagreiningu fyrir vernd Breiðafjarðar og byggðapróun - Eftirfylgni    |            | Breiðafjarðarnefnd                              | Samstarf              |       |
| 2025.10                      | Vettvangsferð   | Ágúst-sept | Breiðafjarðarnefnd                              | Rekstur               |       |
| 2025.11                      | Breiðafjarðarnefnd 2025-2029  | Sept-okt   | Breiðafjarðarnefnd                              | Rekstur               |       |

## Lokaorð

Framkvæmdaáætlun fyrir 2022-2025 lýsir stefnumörkun Breiðafjarðarnefndar á kjörtímabili nefndarinnar. Breiðafjarðarnefnd vinnur áfram að forgangsatriðum sem samþykkt voru af Breiðafjarðarnefnd og ráðherra í Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2014-2019. Núverandi Breiðafjarðarnefnd hefur ákveðið að vinna sérstaklega að hluta verkefna sem hafa verið viðurkennd sem mikilvæg í verndaráætlun þar sem fjárframlög nefndarinnar eru takmörkuð. Verkefnin eru tengd nánari skilgreiningu verndarsvæðis, heildstæðu skipulagi fyrir svæðið, átaki í rannsóknum á lífríki og átaki í skráningu á örnefnum.

Breiðafjarðarnefnd telur ljóst vera að flest þeirra verkefna sem sett voru fram í verndaráætluninni eru óraunhæf miðað við óbreytt fjárframlög og nokkuð víst að það þyrfti að stórauka fjárveitingar til verndarsvæðisins. Þannig myndi skapast svigrúm til þess að vinna að framgangi verndaráætlunarinnar, enda eru góð áform til lítils án fjármagns.